

Til sveitarfélaga

Akureyri, 19. júní 2024  
2406023 ÚJÁP

**Efni:** Ábyrgð og hlutverk sveitarfélaga vegna bils milli fæðingarorlofs og inntöku barna í leikskóla.

Jafnréttisstofa vekur athygli á ábyrgð og hlutverki sveitarfélaga til að brúa bilið sem myndast þegar foreldrar hafa fullnýtt fæðingarorlofsrétt sinn og þangað til barn fær dvöl á leikskóla.

Sveitarfélög hafa ríkar skyldur samkvæmt jafnréttislögum og ber meðal annars samkvæmt 13. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnýslu jafnréttismála að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og annarra mismununarþátta við ráðstöfun fjármagns og í þjónustu við íbúana með því að vinna að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun, áætlanagerð og ákvarðanatöku. Í því felst að tryggja báðum foreldrum möguleika á að annast barn sitt án þess að það leiði til mismununar og hafi í för með sér verulega röskun á atvinnuþátttöku og jafnvægis milli fjölskyldu- og atvinnulífs.

Núverandi aðstæður barnafólks til þess að hafa jafna möguleika til að brúa bilið eru víðast hvar óviðundandi og afleiðingarnar eru miklar til skemmri og lengri tíma. Meðal þeirra eru launatap og tekjumissir sem reynslan og umræðan sýnir að bitnar í meiri mæli á mæðrum en feðrum. Munur á ævitekjum kvenna og karla eykst því meðan ráðstafanir ættu að vinna markvisst gegn þeirri þróun. Auk þess skapar ástandið viðvarandi streitu innan fjölskyldna þar sem mikil óvissa ríkir frá degi til dags, fyrirsjáanleiki er lítill og mikill tími og orka fer í að mæta áskorunum hvers dags eftir því sem efni og aðstæður leyfa, þ.e. án þess að jafnræðis sé gætt. Fjölskyldur þurfa jafnvel að treysta á ættingja (í flestum tilfellum konur) og/eða greiða háar fjárhæðir til þess að tryggja pláss hjá dagforeldrum.

Foreldrar hafa í langan tíma lýst áhyggjum af þessari þróun og Jafnréttisstofa tekur undir þær áhyggjur. Sveitarfélögin eru því hér brýnd til þess að taka skyldur sínar alvarlega. Mikilvægt er að greina stöðuna og gera viðunandi úrbætur til þess að barnafólki sé gert kleift að skipuleggja framtíðina án þess að búa við þá óvissu og streitu sem skapast hefur vegna kerfislægs vanda.

Vandinn sem um ræðir er margbrotinn og tilkominn af ýmsum sögulegum ástæðum auk þess sem staðan er misjöfn eftir sveitarfélögum. Jafnréttisstofa hvetur sveitarfélögin til



## Jafnréttisstofa

að vera vakandi gagnvart stöðu jafnréttismála á hverjum tíma og gæta sérstaklega að mögulegum afleiðingum. Það kann að verða erfitt og dýrt fyrir einstaklinga og samfélagið allt að vinda ofan af neikvæðri þróun.

Á heimasíðu Jafnréttisstofu er að finna upplýsingar og leiðbeiningar varðandi jafnrétti í sveitarfélögum:

<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinumarkadur/sveitastjornarmal/jafnretti-i-sveitarfelogum-1>

F. h. Jafnréttisstofu

Bryndís Elfa Valdemarsdóttir  
Sérfræðingur